

Mosfellsbær
Ólafur Melsted
Þverholti 2
270 Mosfellsbær



UMHVERFISSTOFNUN

Reykjavík 24. maí 2017
UST201705-157/B.S.
10.04.03

Efni: Deiliskipulag Tengivirki Landsnets á Sandskeiði. Umsögn

Vísað er til bréfs Mosfellsbæjar dags. 18. maí sl. þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um ofangreinda deiliskipulagstillögu.

Um er að ræða deiliskipulag lóðar fyrir tengivirki sem ráðgert ert að reisa norðan við Sandskeið við núverandi háspennulínur. Svæðinu hefur þegar verið raskað. Spennistöð við Geitháls verður að hluta til aflögð þegar umrætt tengivirki verður tekið í notkun.


Helstu umhverfisáhrif önnur en sjónræn áhrif gætu orðið vegna áhrifa vatnsvernd, þar sem tengivirkið er innan grannsvæðis vatnsverndar. Unnið hefur verið áhættumat vegna vatnsverndar fyrir Sandskeiðslínu 1. og tengivirki við Sandskeið. Ráðgert er að nýta matið til þess að setja skilmála um verklag á vatnsverndarsvæðinu.

Ef viðhaft verður vandað verklag á deiliskipulagssvæðinu ætti vatnsvernd ekki að stafa ógna af framkvæmdum innan svæðisins. Umhverfisstofnu vill benda á hvort mögulegt sé að hanna byggingar innan deiliskipulagssvæðisins á annan hátt en gert hefur verið í tengivirkjum til þessa þar sem ýmist hafa verið byggðir steinsteyptir kassar eða stálgrindaskemmur.

Að öðru leyti gerir Umhverfisstofnun ekki athugasemdir við umrædda tillögu að deiliskipulagi.

Virðingarfyllst


Björn Stefánsson
Sérfræðingur


Kristín S. Jónsdóttir
Sérfræðingur